



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

Akureyri, 24. nóv. 2023

Ágæta sveitarstjórn

Markaðsstofa Norðurlands sendi inn erindi til sveitarstjórnar þann 28. september síðastliðinn, þar sem óskað var eftir stuðningi við Flugklasann Air 66N til næstu þriggja ára. Erindinu var hafnað af sveitarstjórn m.a. í ljósi fréttu um að Akureyrarbær hygðist hætta stuðningi við Flugklasann. Nú liggur fyrir að Akureyrarbær hefur breytt afstöðu sinni og hefur samþykkt áframhaldandi stuðning við Flugklasann árið 2024. Jafnframt samþykkti Akureyrarbær að vinna með MN og öðrum sveitarfélögum að framtíðar fyrirkomulagi á fjármögnun Flugklasans.

Í ljósi þessara breytinga hafa fleiri sveitarfélög endurskoðað afstöðu sína og ákveðið að halda áfram stuðningi við Flugklasann. Það er afar mikilvægt að Flugklasinn hafi fjármagn til að starfa áfram næstu misseri. Nú er nýhafið flug easyjet frá London og gríðarlega mikilvægt að fylgja því verkefni eftir með stuðningi og markaðssetningu. Bæði til að festa í sessi það flug sem nú þegar er komið á áætlun, en ekki síður til að vinna að því að lengja tímabilið sem flogið er og í framhaldinu að fjölga áfangastöðum. Þar kemur Flugklasinn til skjalanna.

MN óskar eftir því að sveitarstjórn taki málið upp að nýju og haldi áfram að styðja Flugklasann, í það minnsta á næsta ári, með framlagi sem nemur 300 kr á hvern íbúa.

MN óskar jafnframt eftir fundi með sveitarstjóra og/eða fulltrúa hans til að ræða þessi mál og næstu skref í starfi Flugklasans.

Með von um góðar undirtektir og þökk fyrir veittan stuðning við verkefnið fram að þessu,  
Hjalti Páll Þórarinsson, verkefnastjóri Flugklasans Air 66N